

## Valgreinar í 8., 9. og 10. bekk 2016-2017

Valgreinar á unglíngastigi eru hluti af skyldunámi nemenda. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda er fyrst og fremst sá að gera hverjum og einum kleift að skipuleggja nám sitt út frá áhugasviði og framtíðaráformum. Því er mikilvægt að nemendur lesi þetta hefti vandlega með foreldrum/forráðamönnum og/eða kennara og námsráðgjafa og velji þær greinar sem þeir telja henta sér.

### Val innan skóla

---

Hér er að finna upplýsingar um valgreinar sem verða í boði fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2016-2017. Valið er þrískipt. Um er að ræða listgreinaval og verkgreinaval (sem hvort tveggja er skylduval) og í þriðja lagi er um að ræða frjálst val þar sem nemendur geta valið það sem hugurinn gírnist annaðhvort bóknám, íþróttir og/eða meira nám í list- og verkgreinum.

**Þess skal getið að við útskrift nemenda úr grunnskóla er þess nú krafist að nemendur séu metnir bæði í listgreinum og í verkgreinum.**

### Val utan skóla

---

Sérstaklega skal á það bent að nemendur geta fengið nám við t.d. tónlistarskóla, myndlistarskóla, málaskóla eða ballettskóla metið sem tvær kennslustundir á viku. Einnig er hægt að fá þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi (svo sem hjá Gróttu), félagsstarfi eða sjálfboðaliðastarfi metna til tveggja vikustunda. Val af þessu tagi fellur undir frjálst val nema sérstaklega sé samið um annað.

### Fjöldi val tíma

---

Athugið að heildarkennslustundafjöldi nemenda á að vera 37 vikustundir í 8.-10. bekk en kjarnagreinar 29 kennslustundir. Skólinn hefur hins vegar valið að verja tveimur kennslustundum á viku í yndislestur á komandi ári, eins og undanfarin ár, þannig að í raun færist þá fjöldi kennslustunda í kjarnagreinum upp í 31 kennslustund.

Valmöguleikar eru því eftirfarandi í einstökum árgöngum:

- 8. bekkingar: 2 kennslustundir í listgrein, 2 kennslustundir í verkgrein og 2 kennslustundir í frjálstu vali (1 námsgrein). List- og verkgreinar eru valda annars vegar fyrir haustönn og hins vegar fyrir vorönn.
- 9. og 10. bekkingar: 1 kennslustund í listgrein og ein kennslustund í verkgrein og 4 (5) kennslustundir í frjálstu vali (2 námsgreinar). List- og verkgreinar eru valda annars vegar fyrir haustönn og hins vegar fyrir vorönn.

## **Aðalval og varaval**

---

Það skal tekið fram að skólinn getur ekki tryggt að hægt verði að koma til móts við óskir allra nemenda varðandi aðalval og mun þá næsti kostur, varaval nemenda, tekinn í staðinn. Einnig áskilur skólinn sér allan rétt til að draga til baka námsframboð um valgreinar ef umsækjendur reynast of fáir eða ef kennari fæst ekki til kennslu í viðkomandi grein.

## **Bindandi val**

---

Þá skal tekið fram að val nemenda er bindandi og felur í sér yfirlýsingu nemanda um að hann muni leggja sig fram um að standast þær kröfur sem gerðar eru í hverri grein fyrir sig.

Það er því mjög mikilvægt að nemendur vandi valið og íhugi gaumgæfilega hvaða valgreinar henta þeim best.

## **Efnisyfirlit**

Árshátíðarleikrit 08, 09 og 10 .....	4
Badminton 08, 09 og 10 .....	4
Bakstur 08, 09 og 10 (Fyrir þá sem ekki hafa valið bakstur áður).....	4
Bókfærsla fjarnám 09 og 10 .....	5
Bresk menning og erlend samskipti 10 .....	5
Dans 08, 09 og 10.....	5
Endurhönnun – gamlir hlutir fá nýtt líf 08, 09 og 10 .....	6
Enska–undirstöðuatriði 08, 09 og 10.....	6
Félagsmálafræði 08, 09 og 10 .....	6
Fyrsti des 10.....	6
Franska er málið 08, 09 og 10 – byrjendaáfangi.....	7
Góða veislu gjöra skal – matur og menning framandi landa 09 og 10.....	7
Heimilisfræði 08, 09 og 10 .....	8
Heimanám 08, 09 og 10.....	8
Heimspeki 09 og 10 .....	8
Íslenska - undirstöðuatriði 09 og 10 .....	9
Íslenska fyrir lengra komna 10.....	10
Íslenska – lestur og lesskilningur 08, 09 og 10.....	10
Italiano, si grazie! 08, 09 og 10 byrjendaáfangi.....	10

<b>Íþróttaval 08, 09 og 10 .....</b>	<b>11</b>
<b>Margmiðlun 08, 09 og 10.....</b>	<b>11</b>
<b>Myndmennt 08 .....</b>	<b>12</b>
<b>Myndmennt 09 og 10 .....</b>	<b>12</b>
<b>Prjónaval 08, 09 og 10.....</b>	<b>12</b>
<b>Saumar og hönnun 08, 09 og 10.....</b>	<b>13</b>
<b>Sjálfbóðaliðar 08, 09 og 10 .....</b>	<b>13</b>
<b>Skólahreystival 08, 09 og 10 .....</b>	<b>14</b>
<b>Smíði 08, 09 og 10.....</b>	<b>14</b>
<b>Sundval 08, 09 og 10.....</b>	<b>15</b>
<b>Spænska 08, 09 og 10 - byrjendaáfangi.....</b>	<b>15</b>
<b>SPÆ 103 – framhaldsskólaáfangi 09 og 10.....</b>	<b>15</b>
<b>Skólakór Valhúsaskóla 08, 09 og 10 .....</b>	<b>15</b>
<b>Stærðfræði - undirstöðuatriði 08, 09 og 10.....</b>	<b>16</b>
<b>Stærðfræði – framhald 08, 09 og 10 .....</b>	<b>16</b>
<b>Stærðfræði 103 – framhaldsskólaáfangi 10 .....</b>	<b>16</b>
<b>Söng- og leiklist 08, 09 og 10 .....</b>	<b>17</b>
<b>Tónmennt 08, 09 og 10.....</b>	<b>17</b>
<b>Umhverfismennt 08, 09 og 10.....</b>	<b>18</b>
<b>Útivist og hreyfing 08, 09 og 10.....</b>	<b>18</b>
<b>Þýska 09 og 10 - byrjendaáfangi.....</b>	<b>19</b>
<b>Nám utan skóla 08, 09 og 10.....</b>	<b>19</b>
<b>VARAÓSKIR .....</b>	<b>19</b>

## Árshátíðarleikrit 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Árlega setja Valhýsingar upp leikrit fyrir árshátíð skólans. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í slíkri uppsetningu geta valið áfangann sem eina valgrein. Tímasókn í þennan áfanga verður með öðru sniði en í aðra áfanga að því leyti að **valgreinin verður kennd í tvo mánuði en fleiri daga í viku á meðan á æfingum og undirbúningi árshátíðar stendur.** Auk þess bætast við þetta tímar sem liggja að árshátíðinni s.s. sýningardagar o.fl. Þetta er ekki einungis hugsað fyrir þá sem vilja leika í árshátíðarleikritinu heldur einnig fyrir þá sem geta hugsað sér að vinna að leikmynd, hanna og sauma búninga eða sjá um tæknimálin.

Mjög líklegar tímasetningar þessa áfanga eru febrúar og mars á eftirfarandi dögum:

þr. kl. 15:10-16:35

mi. kl. 14:25-15:50

fö. kl. 14:45-16:05

Þeir sem vilja taka þátt í uppsetningu árshátíðarleikrits án þess að nýta það sem hluta af námsvali geta gert það en þeir verða þá, samt sem áður, að ætla sér tíma í þá vinnu skv. tímaskipulaginu hér fyrir ofan.

**Námsmat:** Lagt verður mat á það hvernig nemendur standa sig í ofangreindu verkefni.

**Kennslustundafjöldi:** 6 kest/v í tvo mánuði

## Badminton 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Byggt er ofan á þann grunn sem nemendur hafa fengið í badminton í skólaíþróttum. Áhersla er lögð á að auka færni nemenda í grunnsögum s.s. forhönd, bakhönd, uppgjöfum, smassi o.s.frv. Nemendur læra reglur bæði í einliða- og tvíliðaleik. Áhersla er lögð á hreyfingar á vellinum, árangursríkar staðsetningar bæði í sókn og vörn. Stefnt er að því að fara í heimsókn í Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur og fá leiðsögn reyndra badmintonþjálfara. Nemendur fá þar tækifæri til að spila badminton í sérstöku badmintonhúsi sem er skemmtileg upplifun og ákveðin reynsla.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Námsmat er byggt á virkni nemenda í kennslustundum, ástundun og færni. Kennslugögn: Íþróttafatnaður

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Bakstur 08, 09 og 10 (Fyrir þá sem ekki hafa valið bakstur áður)

**Námslýsing:** Megináhersla er lögð á mismunandi bakstursaðferðir, s.s. ger- og lyftidufsbakstur þar sem bakaðar verða bollur og múffur, sætabrauð úr þeyttu, hrærðu og hnoðuðu deigi og hrákökur. Kennt er að vega og mæla og nemendur eiga að geta breytt g í dl og öfugt. Nemendur vinna sjálfstætt eftir uppskriftum. Áhersla er lögð á hreinlæti, góða umgengni í verki og góðan frágang.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem gert er í lok hvernar kennslustundar

**Kennslugögn:** Gott og gagnlegt útg. Námsgagnastofnun, ýmsar bækur og blöð um bakstur.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

## Bókfærsla fjarnám 09 og 10

Boðið er upp á bókfærslu í fjarnámi. Þó svo að um fjarnám sé að ræða geta nemendur leitað til kennara eftir þörfum auk þess sem líklegt er að kennari kalli hópinn saman u.þ.b. tvisvar á önn, eða eftir þörfum.

**Námslýsing:** Verkefni eru færð í *dagbók* og *höfuðbók* þar sem eftirfarandi reikningar eru notaðir: sjóðsreikningur, vörukaupa- og vörusölureikningur, skuldunautareikningur, lánardrottnareikningur, víxilskuldareikningur, víxileignareikningur, höfuðstólsreikningur, kostnaðarreikningur, bankareikningur, áhaldareikningur o.fl. Farið er í *lokun reikninga* með athugasemdum og uppsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings. Kennd er auk þess *meðhöndlun* á inn- og útskatti, fob- og cif-skilmálum.

**Námsmat:** Nemendur og foreldrar geta fylgst með framgangi námsins í verkefnabók nemenda á Mentor. Mikilvægt er að nemendur skili verkefnum inn á Mentor einu sinni í viku áður en svör við verkefnum eru send heim. Námsmat byggir á skilum á vikulegum verkefnum, heimaprófum, jólaprófi og vorprófi.

**Kennslugögn:** Stuðst er við „*Kennslu- og verkefnabók í bókhaldi*“ eftir Sigurjón Gunnarsson og ýmis verkefni valin af kennara.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Bresk menning og erlend samskipti 10

**Námslýsing:** Valfagið skiptist í tvo meginþætti, annars vegar að vera í tölvusamskiptum við nemendur í Parmiter's school í Watford Englandi og hins vegar að kynnst hinum ýmsu þáttum breskrar menningar s.s. íþróttum, bókmenntum, listum, tónlist, sögu ofl. Lögð er áhersla á hópavinnu og að nemendur æfi kynningar á verkefnum.

**Námsmat:** Símatáfangi – matið byggir m.a. á skriflegum og munnlegum verkefnum, mætingu og ástundun og virkni í tímum. Valið verður inn í áfangann (tekið verður mið af félagsfærni, samskiptahæfni og framkomu).

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Dans 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Boðið verður upp á danskennslu þar sem kenndir verða bæði eldri dansar og nýrri. Námslýsing er ónákvæmari en námslýsing annarra valgreina þar sem enn hefur ekki verið ráðinn kennari til að kenna dansinn en ráðist verður í ráðningu um leið og það liggur fyrir hve margir velja dansinn sem listgrein.

**Námsmat:** Símat sem byggir á vinnu í kennslustundum. Áhersla er lögð á að nemandi sýni sjálfstæði og taki ábyrgð á eigin námi. Fyrirkomulag námsmats birt með fyrirvara um breytingar.

**Kennslustundafjöldi:** 2kest/v í eina önn

## Endurhönnun – gamlir hlutir fá nýtt líf 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Endurhönnun.

Hugmyndaflug, frumkvæði og sjálfstæði fá að njóta sín við að finna ólíklegasta dóti ný hlutverk. Húsgögn, listaverk, nytjahlutir, nýjasta tíska og hver veit hvað? Farið verður í vettvangsheimsóknir þar sem endurnýting er höfð að leiðarljósi.

Einstaklings- og hópavinna.

**Námsmat:** Verkin, hugmyndavinnan og ferlið við úrlausn verkefna er metið.

**Kennslugögn:** Ýmsar heimasíður tengdar efninu.

**Kennslustundafjöldi:** 2kestr/v í eina önn

## Enska-undirstöðuatriði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Farið er í undirstöðuatriði í málfræði og unnin ýmis málfræðiverkefni sem nemendur safna í möppu. Einnig eru lesnir léttir textar með áherslu á orðaforða og ritun.

**Námsmat:** Verkefnum er safnað í möppu sem er metin í lok annar. Hver önn er fjórar lotur og gildir hver lota 25%

**Kennslugögn:** Verkefni á netinu frá Námsgagnastofnun og skólavefnum einnig léttlestrarbækur á bókasafni skólans.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Félagsmálafræði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Félagsmálafræðin sér um skipulag og framkvæmd á öllu félagslífi Valhúsaskóla og mælum við með því að allir, sem hugsa sér að bjóða sig fram í nemendaráð Valhúsaskóla, séu skráðir í félagsmálafræði. Í félagsmálafræðinni eru böll og aðrir viðburðir skipulagðir ásamt því sem nemendur í félagsmálafræði hjálpa til á viðburðum með því að skreyta og aðstoða í sjoppu og miðasölu. Í áfanganum er farið yfir undirstöðuatriði í markaðssetningu, viðburðarstjórn, verkefnastjórn, stefnumótun ásamt því að unnið er að því að styrkja sjálfmynd nemenda, samskipti og framkomu. Áfanginn er kenndur af starfsmanni Selsins.

**Námsmat:** Námsgreinin er metin til einkunnar. Einkunnagjöf byggir á mætingu í tíma, virkni í tímum, mætingu í félagsmiðstöðina og virkni/ábyrgð á viðburðum sem hópurinn stendur fyrir.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Fyrsti des 10

**Námslýsing:** 10. bekkingar halda skemmtun 1. desember ár hvert og bjóða foreldrum sínum með á skemmtunina. Þessi skemmtun hefur verið hápunktur skemmtanahalds í Grunnskóla Seltjarnarness um áratuga skeið. Reynslan sýnir okkur að nánast hver einasti nemandi í 10. bekk kemur með einum eða öðrum hætti að undirbúningi þessarar skemmtunar og nú verður nemendum boðið að velja þennan undirbúning sem hluta af námsvali sínu. Tímasókn í þennan áfanga verður með öðru sniði en í aðra áfanga að því

leyti að **valgreinin verður aðeins kennd í tvo mánuði en þrjá daga í viku á meðan á æfingum og undirbúningi 1. des stendur.** Auk þess bætast við þetta tímar sem liggja að 1. des skemmtuninni, s.s. sýningardagar o.fl. Þetta er ekki einungis hugsað fyrir þá sem vilja leika í 1. des. leikritinu heldur einnig fyrir þá sem geta hugsað sér að vinna að leikmynd, hanna og sauma búninga eða sjá um tæknimálin.

Mjög líklegar tímasetningar þessa áfanga eru október og nóvember á eftirfarandi dögum:

þr. kl. 15:10-16:35

mi. kl. 14:25-15:50

fö. kl. 14:45-16:05

Þeir sem vilja taka þátt í uppsetningu 1. des. leikrits án þess að nýta það sem hluta af námsvali geta gert það en þeir verða þá, samt sem áður, að ætla sér tíma í þá vinnu skv. tímaskipulaginu hér fyrir ofan.

**Námsmat:** Lagt verður mat á það hvernig nemendur standa sig í ofangreindu verkefni.

**Kennslustundafjöldi:** 6 kest/v í tvo mánuði

## Franska er málið 08, 09 og 10 – byrjendaáfangi

**Námslýsing:** Tungumál opna dyr að ólíkum menningarheimum en nærri 200 milljónir tala frönsku. Frönskumælandi lönd og valdir þættir franskra menningar verða skoðaðir.

Nemendur fá þjálfun í hlustun og framburði og að bjarga sér á frönsku við einfaldar aðstæður. Farið verður í undirstöðuatriði málfræði. Í samráði við kennara velja nemendur sér viðfangsefni við hæfi. Hópa- og einstaklingsverkefni. Fjölbreytni kennsluaðferða stjórnast af áhuga og getu hópsins.

**Skilyrði:** Nemendur sem velja frönsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum

**Námsmat:** Símat sem byggir á vinnu í kennslustundum. Áhersla er lögð á að nemandi sýni sjálfstæði og taki ábyrgð á eigin námi.

**Voreinkunn:**

Mappa – nemandi safnar verkefnum sínum, könnunum og öðru efni í möppu 50%

Málskilningur: Verkefni og kannanir 30%

Virk þátttaka í kennslustundum 20%

**Kennslugögn:** Skólinn útvegar kennslubók við hæfi en auk þess velur kennari ýmiss konar ítarefni. Tegund og magn þess efnis fer eftir áhuga og getu nemenda.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Góða veislu gjöra skal – matur og menning framandi landa 09 og 10

**Viðfangsefni:** Unnið verður með 5 meginþemu í matreiðslu og bakstri, menningu og sögu framandi landa. Á fyrri önninni kynnumst við Mexíkó, Afríku og USA og á þeirri síðari Asíu og Ítalíu.

**Hér er um framhaldsnámskeið að ræða** fyrir þá nemendur sem áður hafa valið bakstur og/eða heimilisfræði og því er gert ráð fyrir að nemendur séu vel kunnugir eldhúsi og umgengni við öll þau tól og tæki sem notuð eru. Meginmarkmið námsins eru:

- Að nemendur kynnist matargerð og menningu framandi landa

- Að nemendur læri að finna uppskriftir og upplýsingar í gegnum netið og á bókasafni
- Að nemendur læri að elda, baka og meðhöndla mat eftir hinum ýmsu aðferðum og hefðum framandi landa
- Að nemendur læri að meta og virða menningu og hefðir í matargerð annarra landa.

Unnið verður að mestu í kennslueldhúsi við eldun og bakstur. En einnig verður farið í tölvuver og á bókasafn. Sem og innkaupaferðir á heimshornamarkaði. Leitast verður við að fá gesti sem þekkja til eða eru frá framandi löndum til að segja frá þeirra reynslu og upplifunum. Boðið verður til veislu í lok hverrar annar.

Námsmat: Símat. Nemendur og kennari vinna saman að mati í lok hvers þema.

**Kennslustundir:** 2 kest/v í eina önn

## Heimilisfræði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Farið verður í helstu baksturs- og matreiðsluaðferðir með það að leiðarljósi að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og góðan hversdagsmat samkvæmt manneldismarkmiðum. Næring, hollusta og hreinlæti ásamt neytenda- og umhverfisfræði er fléttað inn í námið. Áhersla er lögð á hreinlæti, góða umgengni í verki og góðan frágang.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem gert er í lok hverrar kennslustundar.

**Kennslugögn:** Gott og gagnlegt, útg. Námsgagnastofnun, Eldað í dagsins önn, höf.

Sigrún V. Stefánsdóttir, uppskriftir úr ýmsum blöðum og bókum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

## Heimanám 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Það er misjafnt hversu íþyngjandi heimanám reynist nemendum. Þessari valgrein er ætlað að draga úr álagi vegna heimanáms. Nemendum gefst kostur á að fá aðstoð við heimanám og/eða vinna sér í haginn og fá aðstoð við það sem þeim reynist erfitt í náminu.

Ef það kemur fyrir að nemandi eigi ekki eftir að vinna neina heimavinnu á hann samt að nýta báðar kennslustundirnar til náms, verkefnavinnu eða lesturs í samráði við kennara.

**Möguleiki er á að nemendur, sem þess óska, fái námskeið í námstækni innan þessar valgreinar.**

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati eftir hverja kennslustund og fer eftir mætingu, vinnusemi og hegðun.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Heimspeki 09 og 10

**Námslýsing:** Í heimspekivali fást nemendur við spurningar sem snerta tilveru þeirra, áhugasvið og daglegt líf. Í glímunni við þessar spurningar þjálfast nemendur í gagnrýnni hugsun eða rökhugsun og skoðanaskiptum. Nemendur vinna ennfremur með siðferðileg

álitamál og æfa sig í því að taka afstöðu með eða á móti og færa rök fyrir máli sínu munnlega og skriflega. Jafnframt því mun nemendahópurinn taka þátt í rökræðum og hlusta á og taka afstöðu til fleiri sjónarmiða heldur en þeirra eigin. Sem dæmi um álitamál sem gæti verið lagt fyrir hópinn má nefna eftirfarandi:

- Er maðurinn góður eða vondur?
- Er sannleikurinn sagna bestur?
- Hvað tryggir okkur hamingjusamt líf?
- Er hægt að gera ekki neitt?
- Eiga dauðarefsingar rétt á sér?

Nemendur kynnast einnig sögu heimspekinnar, fyrstu heimspekingunum, hvað þeir voru að velta fyrir sér og kenningum valdra heimspekinga.

**Verkefni:** Farið er fram á mikla þátttöku nemenda í kennslustundum í formi almennra umræðna, hópvinnu- eða einstaklingsverkefna. Til að nemendur nái settum markmiðum er komið víða við og fjölbreytt viðfangsefni lögð fyrir nemendur. Auk þess verður horft á valdar kvikmyndir og verkefni unnin samhliða þeim.

**Námsmat:** Verkefnavinna, ritgerðir og virkni í tímum lögð til grundvallar.

**Kennslugögn:** Textabrot úr völdum verkum, Vísindavefurinn, ljósritaðir textar og kvikmyndir

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Íslenska - undirstöðuatriði 09 og 10

**Námslýsing:** Þetta val er fyrir nemendur sem hafa áhyggjur af stöðu sinni í íslensku. Hér gefst tækifæri til að rifja upp og vinna með grunnatriði móðurmálsins. Aðaláhersla er lögð á málfræði, setningafræði og stafsetningu, svo og málnotkun og tengsl milli þessara þátta.

**Kennsluaðferðir:** Á haustönn er unnið með alla fallorðaflokkana og beygingaratriði þeirra, svo og málnotkun. Á vorönn er unnið með sagnorð, smáorð og stafsetningarreglur. Engu að síður blandast þessir þættir saman þar sem málfræði og stafsetning eru náskyldir þættir og oft er verið að nálgast sömu atriðin frá mismunandi sjónarhorni.

**Námsgögn:** Skólinn leggur til námsefni en nemendur eiga að vera með sérstaka möppu fyrir verkefni og glósur. Hvert atriði er tekið fyrir og síðan unnin verkefni. Nemendur eru hvattir til að glósa samviskusamlega í hverjum tíma og halda vel utan um gögnin sín svo auðveldara sé að nálgast þau til að rifja upp atriðin sem þeir þurfa að kunna skil á við lok grunnskóla.

**Námsmat:** Símat yfir veturinn. Ekki er um heimavinnu að ræða nema þegar unnið er með lesnar æfingar í stafsetningu. Nemendur er metnir eftir virkni og vinnusemi í tímum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Íslenska fyrir lengra komna 10

**Námslýsing:** Þetta val hentar nemendum sem vilja kafa dýpra í námsefnið og undirbúa sig enn betur fyrir nám að loknum grunnskóla og bæta með því við sig þekkingu umfram þá sem miðast við Aðalnámskrá grunnskóla. Unnið verður með bókmenntir og ritun, málfræði og stafsetningu.

Í bókmenntum verður lesin ein skáldsaga og unnið með hana, skrifuð ritgerð og nemendur vinna með ritunarforrit sem er á nams.is og vinna heimildaskrá skv. APA Sixti. Ef eitthvert íslenskt verk, byggt á íslenskri skáldsögu, verður í leikhúsunum er stefnt að því að vinna með það og fara svo í leikhús, ef ekki þá verður Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness lesin. Auk þess verður unnið með valin erindi úr Gestabætti Hávamála.

Nemendum verður leiðbeint um aðferðir við að glósa ljóð, einkum forn ljóð og ljóð þar sem útskýra þarf einstök orð og endurgera setningaskipan svo auðveldara verði að skilja merkingu og boðskap. Ástæðan fyrir að Hávamál eru valin til að vinna með er að ýmis heilræði í Gestabætti Hávamála bjóða upp á samræður og skoðanaskipti.

Í málfræði verða aukaverkefni, jafnvel þyngri en nemendur hafa haft, nánar verður farið í setningafræði, t.d. unnið með setningaliði, aðalsetningar og undirflokk aukasetninga. Í hljóðfræði verður, ef tími vinnst til, kafað dýpra og unnið meira með myndunarstað og myndunarhátt einstakra hljóða auk ítarefnis í almennri hljóðfræði. Þá verður haldið áfram að leiðbeina nemendum í stafsetningu og áhersla lögð á hvernig góð málfræðikunnátta er undistaða réttritunar. Æfingarnar miðast við að tvinna þetta tvennt saman.

**Námshögn:** Skólinn leggur til námsefni en nemendur eiga að vera með sérstaka möppu fyrir verkefni og glósur. Hvert atriði er tekið fyrir og síðan unnin verkefni. Nemendur eru hvattir til að glósa samviskusamlega í hverjum tíma og halda vel utan um gögnin sín.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Íslenska – lestur og lesskilningur 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Í þessum áfanga er aðaláhersla lögð á lestur, lesskilning og aukinn lestrarhraða.

**Kennsluáferðir:** Nemendur lesa valda texta, ræða efni þeirra og svara spurningum með tilliti til skilnings á efni textanna. Lesturinn fer fram í skólanum. Nemendur lesa og vinna ýmist einir eða í litlum hópum og ræða efni textanna, auk þess sem þeir tjá sig og rökstyðja skoðanir sínar.

**Námsmat:** Símat yfir veturinn, mat kennara og jafningjamat

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Italiano, si grazie! 08, 09 og 10 byrjendaáfangi

**Námslýsing:** Ítalía laðar og heillar, lætur engan ósnortinn og tungumálið, tunga hinna músíkölsku, af mörgum talið hljómfegursta tungumál í heimi. Á þessu námskeiði er lögð áhersla á framburð, talæfingar, málskilning og grundvallarmálfræði. Það verður einnig boðið upp á ívað menningar og sögu Ítalíu. Fyrirhugað er að sýna nokkrar ítalskar kvikmyndir og fjallað verður um tísku, tónlist og mat svo eitthvað sé nefnt.

**Námsmat:** Símat sem byggir á vinnu í kennslustundum. Áhersla er lögð á að nemandi sýni sjálfstæði og taki ábyrgð á eigin námi.

**Voreinkunn:**

Mappa – nemandi safnar verkefnum sínum og öðru efni í möppu 50%

Málskilningur: Verkefni og kannanir 30%

Virk þátttaka í kennslustundum 20%

**Kennslugögn:** Kennari útvegar námsefni við hæfi.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Íþróttaval 08, 09 og 10

### Fyrir nemendur sem stunda engar íþróttir utan skóla

**Námslýsing:** Íþróttaval er valgrein ætluðum nemendum sem stunda ekki íþróttir utan skóla.

Í þessari valgrein fá nemendur annars konar upplifun á því að hreyfa sig en í skólaíþróttum.

Tekið er mið af áhuga og getu nemenda. Aðaláhersla er lögð á góða og ánægjulega hreyfingu sem miðast að því að auka þol og styrk nemenda auk fullt af skemmtilegum hreyfileikjum og íþróttum. Nemendur læra að setja sér markmið og halda hreyfidagbók. Nemendur fá fræðslu um hvernig hægt sé að hreyfa sig markvisst án þess að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi íþróttafélaga. Ýmsir hreyfileikir sem hægt er að gera út í náttúrunni með fjölskyldu og vinum, hugmyndir skráðar í hreyfidagbókina ☺ Nemendur læra æfingar með ýmsum áhöldum sem nýtast vel til æfinga heima fyrir með litlum tilkostaði. Farið verður yfir mikilvægi hollrar næringar, hvíldar og vökvainntöku.

Í lok skólaárs ættu nemendur að vera færir um að setja saman góðar og gagnlegar æfingar sem stuðla að betra þoli, auknum styrk, góðri heilsu og vellíðan.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Námsmat er byggt á virkni nemenda í kennslustundum, ástundun og vinnu við hreyfidagbók.

**Kennslugögn:** Íþróttafatnaður og „dagbók“ stílabók að eigin vali.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Margmiðlun 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur fá innsýn í grunnþætti margmiðlunar. Fá að vinna með efni í mismunandi greinum margmiðlunar; ljósmyndun, myndvinnslu, textavinnslu, stuttmyndagerð, vefsíðugerð, einnig eiga nemendur að búa til rafrænan ratleik.

Nemendur þjálfist í hugmyndavinnu og skissugerð í tengslum við verkefnavinnu. Mikil áhersla er lögð á gagnrýna hugsun, frumkvæði og heildstætt vinnuferli frá hugmynd til lokaverks. Nemendur kynna verkefnin fyrir samnemendum sínum.

**Námsmat:** Við mat á verkefnum verður tekið tillit til skapandi og frumlegrar hugsunar, ástundunar, frágangs og framfara. Verkefni 60% og vinnusemi 40%.

**Kennslugögn:** Ýmis forrit í texta-, hljóð- og myndvinnslu. Æskilegt að nemendur hafi aðgang að stafrænni myndavél. Nemendur geta unnið á eigin tölvur eða tölvur skólans.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Myndmennt 08

**Námslýsing:** Í verkefnunum er unnið með frumbætti myndlistar línu, lit, tón, flöt, form, rými og áferð. Einnig er listasögu gerð skil með heimsókn á sýningu og eitt verk frá ýmsum tímum skoðað í hverjum kennslutíma.

Meðal annars er málað með vatns- og þekjulitum, unnið með leir og grafík og stækkunarverkefni (teiknimyndapersóna að eigin vali) þar sem popplist kemur við sögu.

**Námsmat:** Lögð er áhersla á leiðsagnarmat í viðtölum í lok anna. Þar fer einnig fram sjálfsmat nemandans sem eykur hæfni hans til að leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu. Símat er sýnilegt í stofu.

Einkunn er í bókstöfum. Umsögn er í lok annar þar sem viðmiðin vinnusemi, frumkvæði, sjálfstæði, vönduð vinnubrögð, skilningur, samskipti og umgengni eru lögð að jöfnu.

**Kennslugögn:** Fjölbreyttur efniviður, t.d. ýmiss konar pappír og litir, leir og glerungar, efnisveita, leiðsögn á safni og listaverk (bækur, netið og sýningar).

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

## Myndmennt 09 og 10

**Námslýsing:** Áfram er unnið með frumbætti myndlistar línu, lit, tón, flöt, form, rými og áferð. Einnig er listasögu gerð skil með heimsókn á sýningar og eitt verk frá ýmsum tímum skoðað í hverjum kennslutíma. Unnin verða einstaklings- og samvinnuverk, val verkefna miðast við undirbúning og þroska hvers og eins.

Áhersla er lögð á ferilvinnu (hugmyndavinnu, skissugerð, þróun verkefnis og tengsl við listasögu). Unnið m.a.með málun á fjölbreyttan efnivið, með mismunandi litategundum t.d. þekju-, vatns- og akryllitum, klippimyndir, leir og verk unnin úr „verðlausu“ efni úr efnisveitunni.

**Námsmat:** Lögð er áhersla á leiðsagnarmat í viðtölum í lok annar. Þar fer einnig fram sjálfsmat nemandans sem eykur hæfni hans til að leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu. Símat er sýnilegt í stofu.

Einkunn er í bókstöfum. Umsögn er í lokin þar sem viðmiðin vinnusemi, frumkvæði, sjálfstæði, vönduð vinnubrögð, skilningur, samskipti og umgengni eru lögð að jöfnu.

**Kennslugögn:** Fjölbreyttur efniviður, t.d. ýmiss konar pappír og litir, leir og glerungar, efnisveita, leiðsögn á safni og listaverk (bækur, netið og sýningar).

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn.

## Prjónaval 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur læra undirstöðuatríði í prjóni. Helstu garntegundir verða kynntar og helstu áhöld sem notuð eru við prjón. Farið er í hvernig prjónfesta er gerð og nýtingu á henni, ýmsar prjónaaðferðir skoðaðar, einnig úrtökur og útaukningar, affellingar, frágangur, setja í rennilás, hekla kant, o.fl. Að öðru leyti vinna nemendur að prjónaverkefnum að eigin vali. Gert er ráð fyrir að nemendur ráðist í stærri verkefni, ss. að prjóna peysur.

**Námsmat:** Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: Vinnubrögðum, vandvirkni, frumkvæði, framförum og fullunnum verkefnum.

**Námöggn:** Þrjóna og hannyrðabækur, ásamt uppskriftum frá kennara.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

## Saumar og hönnun 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur vinna að eigin hugmyndum til útfærslu í fatasaum, þrjóni og fleiri aðferðum textílsins. Unnið með tilbúin snið þar sem nemendur aðlaga sniðin að eigin hugmyndum. Auk þess vinna nemendur með grunnsnið og þeim kennt að framkvæma einfaldar sniðútfærslur. Áhersla er lögð á notkun skissubókar og að nemendur komi hugmyndum sínum til skila í skissuvinnu. Einnig að þeir læri að fylgja verki sínu frá hugmynd að fullunnu verki og temji sér vönduð vinnubrögð.

Nemendur hafa að mestu leyti frjálssar hendur með verkefnaval, sem miðast við getu hvers og eins. Verkefni sem tengjast endurvinnslu og endurhönnun eru unnin og nemendur eru hvattir til að breyta, bæta og endurhanna fatnað sem þeir eru hættir að nota. Ýmsar aðferðir eru notaðar s.s. vélsaumur, útsaumur, þrykk og þrjón.

Farið í vettvangsferðir, í efnaverkslanir og á fata- og hönnunarsýningar eftir framboði.

**Námsmat:** Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: Útfærslu hugmynda, vinnubrögðum, vandvirkni, frumkvæði, framförum og fullunnum verkefnum.

**Námöggn:** Sníðablöð, snið og verklýsingar frá kennara ásamt handbókum á bókasafni og í kennslustofu.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

## Sjálfbóðaliðar 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur kynna sér og taka þátt í sjálfbóðaliðastörfum. Þeir kynnast einnig félagasamtökum sem byggja störf sín á sjálfbóðaliðum og aðstæðum fólks sem nýtur aðstoðar þeirra. Sjálfbóðaliðar vinna óeigingjarnt og ómetanlegt starf í þágu samfélagsins nær og fjær. Sjálfbóðaliðarnir eiga það sameiginlegt að veita fjölbætta samfélagslega þjónustu og berjast fyrir samfélagslegum úrbótum.

Helstu niðurstöður rannsóknar frá 2011, þar sem rannsókuð var sýn ungmenna á sjálfbóðaliðastarf sitt, voru að ungmennin tengdu markmiðin annars vegar persónulegum ávinningi; til dæmis sjálfstrausti, félagshæfni og félagskap og hins vegar samfélagslegum ávinningi; að sína virkni með því að ljá rödd sína, hjálpa fólki og vinna að umbótum. Gildin sem réðu mestu voru meðal annars réttlæti, samkennd, hjálpssemi og ábyrgð. Ungmennin sem rætt var við hugðust öll taka áfram þátt í sjálfbóðaliðastarfi á lífsleiðinni.

**Námsmat:** Námsmat byggist á þátttöku nemenda og skriflegum skýrslum. Einkunn verður í formi bókstafa og henni fylgir umsögn þar sem vinnusemi, frumkvæði, sjálfstæði, vönduð vinnubrögð, skilningur á viðfangsefnum, samskipti og umgengni verða lögð að jöfnu.

**Kennslugögn:** Vettvangsferðir, sjálfbóðaliðastörf þar sem kraftar nemenda geta nýst, netið, fjölmiðlar, bækur og blöð.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Skólahreystival 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Valgrein fyrir nemendur sem áhuga hafa á að komast í skólahreystilið

Való. Einnig fyrir þá nemendur sem vilja fá markvissa styrktar- og þolþjálfun.

Kennslustundir fara fram í lita salnum þar sem við höfum

Kaðla, slár og rimla, auk annarra áhalda. Nemendur sem velja þessa valgrein verða að vera tilbúnir til að takast á við þó nokkurt álag í 40 mín, vera snögg að koma sér að verki og nýta kennslustundir vel.

Allir nemendur skólans hafa jafn mikla möguleika á að komast í skólaliðið þó þeir velji ekki þessa valgrein. Valið er út frá tímatökum í hraðbrautinni okkar og einnig út frá flestum endurtekningum í styrktargreinum skólahreystinnar.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Námsmat er byggt á virkni nemenda í kennslustundum og framförum

**Kennslugögn:** Íþróttafatnaður og vatnsbrúsi

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Smíði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Valgreinin hönnun og smíði byggist m.a. á þeim grunni sem nemendur hafa öðlast við lok 7. bekkjar. Þessi valáfangi er hugsaður sem vettvangur fyrir nemendur með áhuga á verkgreinum, einkum þó hönnun og smíði hluta úr viði.

Kynntir verða möguleikar í smíðum og hönnun og farið inn í ferli hönnunar. Valið nýtist líka þeim nemendum sem hafa sérstakan áhuga á handverki og vilja þjálfun í því.

Verkefni sem unnin eru í smíðavali eru efnismeiri og meira krefjandi en nemendur eiga að venjast fram að þessu. Farið er nánar í ýmsa þætti handverks, notkun algengra handverkfæra og einnig lestur smíðateikninga og eins málsetningu hluta sem á að smíða. Lögð verður áhersla á skapandi þætti hönnunar og smíði, notkun fjölbreytts efniviðar s.s. ýmiss konar viðartegunda og möguleikar efnisins skoðaðir. Hver nemandi fær tækifæri til að vinna að eigin hugmyndum og útfæra þær. Hugmyndir eru skráðar í skissubók, hugmyndaferlið skoðað og endurskoðað og hugmyndum leyft að þróast og taka breytingum. Einnig er gert ráð fyrir að nemandi smíði hlut eftir nákvæmri smíðateikningu.

Kennd er meðferð og notkun algengra smíðaverkfæra, bæði handverkfæra og rafknúinna verkfæra. Tifsagir, slípivélar, rennibekkir og bandsög eru notaðar sem fyrr en stærstu trésmíðavélar skólans munu nemendur ekki nota.

Verði næg þátttaka í áfanganum verður boðið upp á afmarkað námskeið í málsmíði.

**Verkefnavinna og skil:** Gert er ráð fyrir að nemendur skili a.m.k. einum fullunnum hlut í lok hvorrar annar.

**Námsmat:** Við mat á vinnu nemenda er höfð hliðsjón af útfærslu á hugmyndum, vinnubrögðum og vinnusemi, framförum, frumkvæði og endanlegu verki.

**Kennslugögn:** Teikningar, verkefni úr ýmsum bókum og af vef.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

## Sundval 08, 09 og 10

### Þol- og styrktarþjálfun

**Námslýsing:** Sundvalgreinin miðast við fjölbreytta þjálfun í vatni. Lagt er upp með einstaklingsmiðaða þjálfun. Nemendur fá tækifæri til að útbúa sína æfingaáætlun í samráði við kennara þar sem hverjum og einum er boðið upp á að bæta sundtækni sína í ákveðinni sundgrein eða að nýta sér sunnið til þolþjálfunar. Nemendur í hópnum fá tækifæri til að búa til sameiginlega dagskrá einu sinni í mánuði þar sem áhersla er lögð á leik, styrk og fjör í vatni. Þar eru margir möguleikar ☺

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Námsmat er byggt á virkni nemenda í kennslustundum, ástundun og færni.

**Kennslugögn:** Sundfatnaður

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Spænska 08, 09 og 10 - byrjendaáfangi

**Námslýsing:** Kennend eru undirstöðuatriði spænskrar tungu auk þess sem nemendur kynnast menningu spænskumælandi þjóða. Í kennslustundum er miðað að því að þjálfarar nemendur í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfarar hlustun og æfa framburð. Farnar eru fjölbreyttar leiðir til að ná þessum markmiðum þannig að komið sé til móts við mismunandi hæfileika og áhugasvið nemenda.

**Skilyrði:** Nemendur sem velja spænsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## SPÆ 103 – framhaldsskólaáfangi 09 og 10

**Námslýsing:** Fylgt er námskrá framhaldsskóla. Lögð er megináhersla á undirstöðuatriði spænskrar tungu en einnig fá nemendur innsýn í valda þætti í menningarlífi íbúa Spánar og Rómönsku Ameríku. Í kennslustundum eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfarar hlustun og æfa framburð. Kennsla fer fram með hliðsjón af markmiðum áfangans. Á vorönn er tekið próf á vegum þess framhaldsskóla sem við verðum í samvinnu við.

**Skilyrði:** Nemendur þurfa að hafa lokið grunnáfangi í spænsku.

**Námsmat:** Á vorönn er tekið próf á vegum framhaldsskóla

**Kennslustundafjöldi:** 3 kest/v

## Skólakór Valhúsaskóla 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Haustið 2008 var stofnaður skólakór fyrir nemendur við Grunnskóla Seltjarnarness. Nemendum í 9. og 10. bekk, sem eru í kórnum er boðið upp á að láta þátttöku sína telja sem tvær vikustundir í vali.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus en við námsmat verður litið til þátttöku og virkni.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Stærðfræði - undirstöðuatríði 08, 09 og 10

Ekki verður um aldursblandaða hópa að ræða og áherslur breytilegar eftir aldri.

Aðaláhersla verður lögð á grunnatriði í talnafræði, rúmfræði og algebru. Mikil áhersla er lögð á að nemendur þjálfí leikni, auki skilning og ánægju af vinnu með stærðfræði.

**Námslýsing:** Stærðfræði - grunnur er fyrir nemendur sem hafa ekki náð nægjanlega góðum tókum á undirstöðuatríðum stærðfræðinnar og vilja bæta stöðu sína í faginu.

Reynt verður að nálgast þarfir sérhvers nemanda eins og kostur er.

Unnið er með grunnatriði svo sem tugabrot, almenn brot, margföldun, deilingu og röð reikniaðgerða. Einnig er tekin fyrir undirstöðuatríði rúmfræðinnar svo sem flatarmál, rúmmál og ummál. Í algebru er lögð áhersla á vinnu með sviga, formerki, tengireglu, víxlreglu og dreifireglu.

**Kennsluaðferðir:** Nemendur vinna verkefni einstaklingslega eða í litlum hópum. Áhersla er lögð á virkni í tímum og skil verkefna. Ekki er heimavinna í þessum valáfanga.

**Námsmat:** Byggir á símati yfir veturinn. Matið byggir á virkni í tímum og verkefnaskilum.

**Kennslugögn sem skólinn útvegar:** Stærðfræði 3000 Undirstaða Almenn braut. Höf.

Lars-Eric Björk ofl. Dæmahefti: Verkefni til þjálfunar og ítarefni.

**Kennslugögn sem nemandi útvegar:** A4 rúðubók og þunn plastmappa fyrir götuð blöð.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Stærðfræði – framhald 08, 09 og 10

Ekki verður um aldursblandaða hópa að ræða og áherslur breytilegar eftir aldri.

**Námslýsing:** Áfanginn er fyrir nemendur sem standa vel í stærðfræði. Á haustönn er unnið með rúmfræði, líkindi, reglu Pýþagórasar og undirstöðuatríði algebru. Hverjum námsþætti lýkur með verkefnaskilum. Á vorönn er unnið með gullinsnið, rökþrautir og verkefni úr stærðfræðikeppnum.

**Kennsluaðferðir:** Nemendur vinna í litlum hópum með raunhæf verkefni og þrautir sem reyna á hugmyndaflug og rökhugsun. Áhersla er lögð á að þjálfá innsæi, umræður, samvinnu í verkefnavinnu og að nemendur hafi ánægju af stærðfræði.

**Námsmat:** Símat byggir á þátttöku, samvinnu, verkefnaskilum og kynningum verkefna.

**Kennslugögn:** *STÆ103* eftir Jón Þorvarðarson, þemaheftið *Gullinsnið*, stærðfræðikeppnir MR ásamt öðru ítarefni.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Stærðfræði 103 – framhaldsskólaáfangi 10

**Námslýsing og kennsluaðferðir:** Kennsla fer fram með hliðsjón af markmiðum áfangans stærðfræði 103 sem kenndur er á fyrsta ári framhaldsskóla. Lögð er áhersla á að nemendur nái helstu markmiðum áfangans. Nemendur vinna einstaklingslega og í litlum hópum með krefjandi raunhæf verkefni sem þjálfá leikni og dýpka skilning. Mikil áhersla er lögð á að nemendur þjálfíst í samvinnu. Einnig fá þeir tækifæri til að spreyta sig á áhugaverðum rökþrautum og verkefnum úr stærðfræðikeppnum sem dýpka skilning og þjálfá rökhugsun.

**Helstu námsþættir:** Bókstafareikningur. Forgangsröð aðgerða, liðun og þáttun. Heil veldi og ferningsrætur. Jöfnur. Reikniformúlur. Talnahlutföll, skiptireikningur, prósentur, vextir. Frumsendur og hornaföll. Beinar og óbeinar sannanir. Frumhugtök rúmfræðinnar og flatarmyndir.

Skilyrði þátttöku: Góður árangur í stærðfræði við lok 9. bekkjar.

**Námsmat:** Vinna í skóla og verkefnaskil 70%, próf 10%, þemaverkefni/kynningar 20%

**Kennslugögn:** Bókstafareikningur handa 3. bekk. Höf. Gylfi Guðnason, Bjarni Gunnarsson og Sigríður Hlíðar. Útgefandi Menntaskólinn í Reykjavík

Stærðfræði handa 3. bekk náttúrufræðibrautar. Höf. Birgir Guðjónsson, Gylfi Guðnason, Sigríður Hlíðar ofl. Útgefandi Menntaskólinn í Reykjavík. Ítarefni og stærðfræðikeppnir.

**Kennslustundafjöldi:** 3 kest/v

## Söng- og leiklist 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum, hópeflisæfingum og spuna. Þá er einnig farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun, raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Nemendur búa til stutta leiksýningu út frá spuna sem sýnd verður í lok annar. Í sýningunni fléttum við saman söng og leik.

**Markmið:**

Að nemendur þjálfist í framkomu á sviði, radd - og líkamsbeitingu.

Að nemendur efli/öðlist sjálftraust og sköpunargleði.

**Námsmat:**

Virkni og áhugi 50%

Frumleiki og túlkun 20%

Jákvæðni 20%

Framfarir 10%

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

## Tónmennt 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Læra að greina stíl eftir hlustun, umræður um hljóðfæranotkun innan ákveðins tónlistarstíls og þjálfun í greiningu tónlistar. Saga rokksins er skoðuð og horft er á heimildarmyndir um nokkrar hljómsveitir sem hafa haft áhrif á tónlistarsöguna. Einnig ræðum við sögu MTV .

**Markmið:**

Tónlistarsaga og hlustun :

Nemendur hafi unnið með valin tímabil tónlistarsögunnar og þau hafi verið útskýrð með tóndæmum.

- geti rætt um tóndæmin í sögulegu samhengi
- geti greint helstu grunnþætti tónlistarinnar

**Námsmat:**

Próf 50%

Vinnubók 30%

Virkni og hegðun 20%

**Kennslugögn:** Vinnum í bókinni Hljóðspor eftir Pétur Hafþór Jónsson, Great Composers eftir June Montgomery og Maurice Hinson og skoðum Sögu vestrænnar tónlistar eftir Christopher Headington. Horfum á tónlistarmyndbönd

**Kennslustundir:** 2 kest/v í eina önn

## Umhverfismennt 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Í verkefnunum er unnið með sjálfbærni á breiðum grundvelli.

Skólinn er Grænánaskóli og samkvæmt því eiga áhugasamir nemendur um sjálfbærni að kynna gildi Grænánans innan skólans. Hér gefst færi á að vanda til þeirra verka.

Unnið verður að upplýsingaöflun og farið verður í vettvangsferðir.

Kynnt verk umhverfislistamanna víða að og nemendur fá tækifæri til að spreyta sig á að gera nýtanlega hluti eða listaverk úr einhverju sem hefur verið hent.

**Námsmat:** Sjálfsmatsblað sem eykur hæfni til að leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu. Einkunn er í bókstöfum.

Umsögn er í lok annar þar sem vinnusemi, frumkvæði, sjálfstæði, vönduð vinnubrögð, skilningur, samskipti og umgengni eru lögð að jöfnu.

**Kennslugögn:** Netíð, fjölmiðlar, bækur, blöð og leiðsögn í vettvangsferðum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Útivist og hreyfing 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Kennslan fer fyrst og fremst fram í útivistarferðum, göngu-hjóla- og fjallaferðum. Ferðirnar taka a.m.k fjórar klukkustundir hver (6 kennslustundir) og verður farið í þær á **laugardögum kl. 10** um það bil þriðja hvern laugardag. Þetta verður með svipuðum hætti og í vetur þ.e. hjólaferðir í Árbæjarlaug, Álftanes og Reykjavíkurborg. Gönguferðir í kringum Elliðavatn og Rauðavatn og Selvogsgata gengin úr Bláfjöllum niður í Hafnarfjörð og einnig gengið á nokkur fjöll s.s. Esjuna! En þar sem er langt til fjalla frá Seltjarnarnesi og lengi verið að komast á staðina í strætisvagni biðjum við foreldra um að aðstoða okkur við að keyra börnin á staðinn. Gert er ráð fyrir að nemendur skipuleggi 2 – 3 ferðir sjálfir eftir áramót.

### Hjólaferðir

Hjólaferðirnar eru næstum eingöngu á hjólastígum. Nemendur kynnast möguleikum á löngum ferðum án þess að þurfa að fara út í umferðina.

### Gönguferðir.

Leitast er við að kenna nemendum að njóta þess að vera úti í náttúrunni og reyna á sig. Auk þess er nemendum kennt að undirbúa sig undir slíkar ferðir.

### Innikennsla

Í innikennslunni fáum við t.d. fá fólk frá Útivist til að kenna nemendum um útbúnað í gönguferðir auk þess sem farið er í hvernig búnaður á hjóli skal vera og hvaða klæðnaður er hentugastur í hjólaferðir.

**Námsmat:** Símat kennara og sjálfsmat nemenda sem byggir á viðhorfi, þátttöku og hegðun.

**Kennslugögn:** Ferðabækur og veraldarvefurinn.

**Kennslustundafjöldi samsvarar 2 kestr/v**

### **Þýska 09 og 10 - byrjendaáfangi**

**Námslýsing:** Kennend eru undirstöðuatriði þýskrar tungu auk þess sem nemendur fá innsýn inni menningu þýskumælandi þjóða. Í kennslustundum er miðað að því að þjálfar nemendur í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfar hlustun, ritun og æfa framburð. Farnar eru fjölbreyttar leiðir til að ná þessum markmiðum þannig að komið sé til móts við mismunandi hæfileika og áhugasvið nemenda. Unnið verður með þýska tónlist og horft á stutt kennslumyndbönd í þýsku.

**Skilyrði:** Nemendur sem velja þýsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum.

**Kennslugögn:** Ping pong 1 eftir Gabriele Kopp og Konstanxe Frölich, lesbók og vinnubók Námsferni frá kennara, myndbönd og geisladiskar

**Námsmat:** Kaflakannanir 60%, önnur verkefni 40%

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

### **Nám utan skóla 08, 09 og 10**

Sérstaklega skal bent á það að nemendur geta fengið nám t.d. við tónlistarskóla, myndlistarskóla, skákskóla, reiðskóla, málaskóla eða ballettskóla metið sem 2 kennslustundir á viku. Einnig er hægt að fá metna þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi (svo sem hjá Gróttu), félagsstarfi eða sjálfboðaliðastarfi til tveggja kennslustunda. Skilyrði er að viðkomandi skólar haldi utan um mætingar og virkni nemenda. Val af þessu tagi fellur undir frjálst val nema sérstaklega sé samið um annað. Sæki nemendur nám á tveimur stöðum utan skólans fá þeir hvort um sig metið sem 2 kestr/v

**Kennslustundafjöldi:** 2- 4 kestr/v

### **VARAÓSKIR**

**Nemendur verða að setja fram tvær varaóskir** í hverjum flokki (listgreinar, verkgreinar og bóklegar greinar/íþróttir) um valgreinar sem þeir geta hugsað sér að taka ef skólinn getur ekki orðið við óskum þeirra um valgreinar. Varaóskir merkja nemendur með því að setja 2 og 3 í kassana.